

 Skipulagsstofnun

Mótt.: - 7 jan. 2022

Málnr.

202107107



AÐALSKIPULAG RANGÁRÞINGS YTRA 2016-2028

Akstursípróttasvæði

16.06.2021



UPPLÝSINGAR

SKJALALYKILL

2146-017-13-GRG-001-V01

HÖFUNDUR

Ingibjörg Sveinsdóttir

RÝNT

Anna Bragadóttir

Samþykktir

Aðalskipulagsbreyting þessi sem auglýst hefur verið samkvæmt 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, með síðari breytingum, var samþykkt af sveitarstjórn Rangárbings ytra 18. 11. 2021



Aðalskipulagsbreytingin var staðfest af Skipulagsstofnun 12. janúar 2022



SKIPULAGSFERLI

Lýsing aðalskipulagsbreytingar var auglýst frá: _____ með athugasemdafresti til: _____

Aðalskipulagsbreytingin var auglýst frá: 25. 8. með athugasemdafresti til: 6. 10. 2021

Aðalskipulagsbreytingin var staðfest með auglýsingu í B deild Stjórnartíðinda: _____

Skipulagsgögn

Greinargerð þessi með forsendum og umhverfisskýrslu.
Skipulagsuppdráttur.

EFNISYFIRLIT

1	INNGANGUR	6
1.1	Skipulagsgögn	6
2	FORSENDUR	6
2.1	Tengsl við aðrar áætlanir	6
2.1.1	Landsskipulagsstefna 2015-2026	6
2.1.2	Aðalskipulag Rangárbings ytra 2016-2028	6
2.1.3	Deiliskipulag	7
2.1.4	Samræmi breytingarinnar við gildandi áætlanir	7
2.2	Minjar	7
3	BREYTING Á AÐALSKIPULAGI	7
4	UMHVERFISÁHRIF	8
4.1	Grunnástand	8
4.2	Umhverfispættir og viðmið	9
4.3	Valinn kostur	9
4.3.1	Niðurstaða	10
5	MÁLSMEDFERÐ OG UMSAGNARAÐILAR	10
5.1	Skipulags og matslýsing	10
5.2	Umsagnaraðilar aðalskipulagsbreytingar	10
5.3	Skipulagsferli	11

1 INNGANGUR

Rangárþing ytra vinnur að breytingu á Aðalskipulagi Rangárþings ytra 2016-2028 skv. 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Sveitarfélagið vill skilgreina íþróttasvæði fyrir akstursíþróttir við Rangárvallaveg austan við Hellu, þar sem nú er skógræktarsvæðið SL28. Skógræktarsvæðið verður minnkað um 25 ha og breytt í íþróttasvæði.

1.1 Skipulagsgögn

Gerð verður breyting á greinargerð og uppdrætti.

2 FORSENDUR

Hluta skógræktarsvæðisins SL28, sem er austan við Gaddstaðasíki, verður breytt í svæði fyrir akstursíþróttir, litboltavöll og svæði fyrir reiðhjólabraut. Einnig verður áfram skógrækt og verður hún m.a. nýtt á milli akstursbrauta, til að skerma svæðið af hvað ásýnd varðar og til að draga úr hljóðvist. Aðkoma að svæðinu verður frá Rangárvallavegi. Á hluta svæðisins hefur verið plantað trjám, hluti er nýttur sem tún en stærsti hlutinn er lítt gróið sandsvæði. Svæðið er nálægt Hellu og því stutt að fara fyrir stóran hluta íbúa sem vilja nýta sér svæðið.

2.1 Tengsl við aðrar áætlanir

Við breytingu á aðalskipulaginu er horft til eftirfarandi áætlana:

2.1.1 Landsskipulagsstefna 2015-2026

Kafli 2.1. Sjálfbær byggð í dreifbýli:

Skipulag landnotkunar styðji við búsetu og samfélag í dreifbýli með langtímasýn um ráðstöfun lands til nýtingar og verndar og samþættri stefnu um byggðapróun í þéttbýli og dreifbýli.

Kafli 2.2.1. Byggð falli að landslagi og náttúru:

Skipulagsákvæðanir um staðsetningu og hönnun nýrra mannvirkja í dreifbýli taki mið af byggingarhefðum, landslagi og staðháttum. Um leið verði gætt að hagkvæmni varðandi samgöngur og veitur og að byggð gangi ekki að óþörfu á svæði sem eru verðmæt til landbúnaðar eða vegna náttúruverndar. Flokkun landbúnaðarlands, landslagsgreining og vistgerðarflokkun verði lögð til grundvallar skipulagsákvörðunum.

2.1.2 Aðalskipulag Rangárþings ytra 2016-2028

Aðalskipulagið var staðfest 9. okt. 2019. Í aðalskipulaginu er svæðið sem breytingin tekur til skilgreint sem skógræktar- og landgræðslusvæði.

Um íþróttasvæði segir í greinargerð aðalskipulagsins, kafla 2.3.6:

- Leitast verði við að byggja upp fjölbreytta íþróttaaðstöðu í sveitarfélaginu.

Um skógræktar- og landgræðslusvæði segir í greinargerð aðalskipulagsins, kafla 2.3.6:

- Leitast verði við að efla skógrækt, uppgræðslu og landbótastarf.
- Skógrækt og landgræðsla verði nýtt til bindingar kolefnis.

2.1.3 Deiliskipulag

Ekkert deiliskipulag er í gildi fyrir svæðið.

2.1.4 Samræmi breytingarinnar við gildandi áætlanir

Breytingin er í samræmi við gildandi áætlanir. Ekki er um að ræða gott landbúnaðarland og svæðið er í góðum tengslum við vegi og í nálægð við þéttbýli. Með breytingunni er stuðlað að fjölbreyttari íþróttaaðstöðu.

2.2 Minjar

Aðalskráning fornminja er langt komin í sveitarfélaginu. Engar þekktar minjar eru innan svæðisins.

Ef fram koma áður óþekktar fornleifar á framkvæmdartíma, sbr. 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012, verður þegar haft samband við Minjastofnun Íslands og framkvæmd stöðvuð uns fengin er ákvörðun Minjastofnunar um hvort halda megi áfram og með hvaða skilmálum.

3 BREYTING Á AÐALSKIPULAGI

Gerð er breyting á uppdrætti og greinargerð.

Breytingar á uppdrætti:

Skógræktar- og landgræðslusvæðið SL28 er minnkað og þess í stað sett inn íþróttasvæði ÍP6.

Breytingar á greinargerð:

Texti um skógræktar- og landgræðslusvæðið SL28 í kafla 2.3.2 í gildandi greinargerð:

Nr	Heiti svæðis	Lýsing
SL28	Aldamótaskógur	Samstarfsverkefni Skógræktarfélags Rangæinga og Skógræktarfélags Íslands um skógrækt. Svæðið er beggja vegna Suðurlandsveggar. Stefnt er að gerð stíga og útivistarmöguleika í skóginum. Stærð svæðis er um 160 ha.

Texti um skógræktar- og landgræðslusvæðið SL28 í kafla 2.3.2 eftir breytingu:

Nr	Heiti svæðis	Lýsing
SL28	Aldamótaskógur	Samstarfsverkefni Skógræktarfélags Rangæinga og Skógræktarfélags Íslands um skógrækt. Svæðið er beggja vegna Suðurlandsvegjar. Stefnt er að gerð stíga og útivistarmöguleika í skóginum. Stærð svæðis er um 135 ha.

Í breyttu skipulagi er bætt inn eftirfarandi texta um íþróttasvæðið ÍP6 í kafla 2.3.6:

Nr	Heiti svæðis	Lýsing
ÍP6	Akstursíþróttasvæði	Akstursíþróttasvæði. Á svæðinu er heimilt að vera með aðstöðu fyrir akstursíþróttir, mótocrosshjól og önnur minni ökutæki auk möguleika á afþreyingarstarfsemi s.s. litboltavelli og brautum fyrir reiðhjól. Heimilt er að byggja aðstöðuhús fyrir starfsmenn og tæki sem þarf til umsjónar og viðhalds svæðisins. Skjólbelti og manir skulu nýtt til að draga úr hljóði og áhrifum af ásýnd. Meðan á uppbyggingu svæðisins stendur er heimilt að nýta það til efnislosunar, enda verði efnið nýtt til að gera manir og til landmótunar vegna nýtingar svæðisins. Í deiliskipulagi skal skoða sérstaklega útfærslu og landmótun svæðisins til að draga úr ásýnd, hljóði, rykmyndun og koma í veg fyrir mengun. Stærð svæðis er um 25 ha.

4 UMHVERFISÁHRIF

Aðalskipulagsbreytingin fellur undir lög um umhverfismat áætlana nr. 105/2006, þar sem hún fellur undir lið 11.01 í viðauka I við lög um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000.

„11.01. Kappaksturs- og reynslubrautir fyrir vélknúin ökutæki á svæðum sem skilgreind eru sem slík í skipulagi“. Framkvæmdin fellur undir B flokk en það eru þær framkvæmdir sem kunna að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og metið er í hverju tilviki með tilliti til eðlis, umfangs og staðsetningar hvort háðar skuli mati á umhverfisáhrifum.

4.1 Grunnástand

Í dag er umferð vélhjóna í svokölluðum Aldamótaskógi sunnan Suðurlandsvegjar. Um skóginn liggja göngu- og reiðleiðir og því getur skapast slyshætta vegna aksturs vélhjóna á því svæði. Í samráði við aðila tengda akstursíþróttum og litboltafélagið var ákveðið að finna lausn á málinu. Þá eru engar reiðhjónabrautir í sveitarfélaginu og er vilji til að sameina þessa íþróttaiðkun á einu svæði. Svæðið sem varð fyrir valinu er í eigu sveitarfélagsins, það er að hluta til lítt gróið sandsvæði og ekki eru áform um nýtingu á því.

4.2 Umhverfisþættir og viðmið

Áhrif af stefnu aðalskipulagsbreytingarinnar eru metin á tiltekna þætti umhverfisins, eftir því hvort áhrifin eru talin vera jákvæð, neikvæð, óveruleg/engin eða óviss. Forsendur við mat á umhverfisáhrifum byggja á tveimur meginþáttum sem eru:

- Viðmið í lögum og reglugerðum, stefnumótun stjórnvalda og skuldbindingar á alþjóðavísu.
- Greining á einkennum og vægi áhrifa á einstaka umhverfisþætti skv. fyrirbyggjandi gögnum.

Við matið er horft til neðangreindra umhverfisþátta og leitast við að svara matsspurningum:

TAFLA 1 Umhverfisþættir, matsspurningar og viðmið.

UMHVERFISÞÁTTUR	MATSSPURNINGAR	VIÐMIÐ
Heilsa og öryggi	Hefur stefnan áhrif á hljóðvist, rykmyndun og mengun? Hefur stefnan áhrif á öryggi almennings?	Landsskipulagsstefna 2015 – 2026. Stefna í aðalskipulagi.
Loftgæði	Hefur stefnan áhrif á losun gróðurhúsalofttegunda eða bindingu kolefnis?	Aðgerðaráætlun í loftslagsmálum 2018 – 2030. Stefna í aðalskipulagi.
Land og ásýnd	Hefur stefnan áhrif á ásýnd svæðisins?	Landsskipulagsstefna 2015 – 2026. Stefna í aðalskipulagi.
Gróðurfar	Hefur stefnan áhrif á gróðurfar?	Landsskipulagsstefna 2015 – 2026. Stefna í aðalskipulagi.

4.3 Valinn kostur

Óbreytt ástand þykir ekki koma til greina lengur vegna slyshættu. Við val á staðsetningu fyrir akstursíþróttir vann sveitarfélagið með aðilum tengdum akstursíþróttunum og litboltafélaginu. Sú staðsetning sem sett er fram í aðalskipulagstillögunni var niðurstaða þeirrar vinnu.

Áhrif

Áhrif á öryggi eru jákvæð. Með því að afmarka svæði fyrir akstursíþróttir og koma þannig í veg fyrir að slíkar íþróttir séu stundaðar á göngu- og reiðleiðum er dregið úr slyshættu.

Áhrif á heilsu eru jákvæð/óviss. Betri aðstaða til íþróttastuðlar að hreyfingu sem hefur góð áhrif á heilsu. Hljóðvist frá svæðinu verður umtalsvert meiri en er í dag og rykmyndun einnig. Settir eru skilmálar um að þetta, ásamt hættu á mengun, verði skoðað í deiliskipulagi. Einnig eru skilmálar um að manir og trjágróður verði nýtt til að draga úr hljóðvist og ásýnd. Hugsanlegt er að takmarka þann tíma dagsins sem svæðið er opið til að íbúar eigi ekki von á ónæði hvenær sólarhringsins sem er. Með gerð reiðhjólbrauta og litboltavallar má ætla að svæðið laði að gesti til að njóta útivistar/útiveru.

Áhrif á loftgæði eru jákvæð og neikvæð. Með tilkomu akstursíþróttasvæðis má gera ráð fyrir fjölgun mótörhjóna sem verða notuð þar, einnig eykst akstur að og frá svæðinu. Mótörhjónaakstur er til staðar í dag og losar gróðurhúsalofttegundir. Reikna má með að útblástur og losun gróðurhúsalofttegunda

verði eitthvað meiri með tilkomu svæðisins. Hins vegar eru settir skilmálar um að trjágróður verður notaður á svæðinu en hann bindur kolefni.

Áhrif á ásýnd eru óveruleg. Settir eru skilmálar um að manir og trjágróður verði nýtt til landmótunar og til að draga úr ásýnd af starfseminni. Efnislosun til landmótunar á svæðinu er hagkvæm að því leyti að stutt er að fara með efni frá þéttbýlasta svæði sveitarfélagsins og efnið nýtist í manir og landmótun tengda nýtingu svæðisins.

Áhrif á gróður eru jákvæð. Svæðið er að hluta til lítt gróið sandsvæði. Skilmálar eru um að trjágróður verði nýttur á svæðinu.

4.3.1 Niðurstaða

Sveitarfélagið er hlynnt því að gert verði sérstakt akstursíþróttasvæði fyrir fjölbreytta íþróttastarfsemi. Svæðið er skammt austan við Hellu og því stutt að fara fyrir stóran hluta íbúa. Auk þess er vonast til að svæðið laði að fólk víðar að sem aftur getur styrkt starfsemi þjónustufyrirtækja.

Mikilvægt er að við deiliskipulag og nánari útfærslu svæðisins verði hugað vel að lausnum til að lágmarka hljóðvist, rykmyndum og mengunarhættu. Þá verði manir og trjágróður nýttur til fegrunar á ásýnd svæðisins.

5 MÁLSMEÐFERÐ OG UMSAGNARAÐILAR

Aðalskipulagsbreytingin er unnin skv. skipulagslögum nr. 123/2010

5.1 Skipulags og matslýsing

Skipulagslýsing var kynnt vorið 2021. Umsagnir bárust frá Landsneti, Skipulagsstofnun, Heilbrigðiseftirliti Suðurlands, Minjastofnun Íslands, Landsneti og Vegagerðinni.

Við vinnslu aðalskipulagsbreytingarinnar hefur verið tekið tillit til umsagna eftir því sem við á.

5.2 Umsagnaraðilar aðalskipulagsbreytingar

Umsagnaraðilar við breytinguna eru eftirtaldir:

- Skipulagsstofnun
- Umhverfisstofnun
- Vegagerðin
- Heilbrigðiseftirlit Suðurlands
- Minjastofnun
- Landsnet

Eftir atvikum verður leitað eftir umsögnum annarra aðila, þ.á.m. innan stjórnarsýslu sveitarfélagsins.

5.3 Skipulagsferli


Breytingin verður kynnt með auglýsingu í blöðum/dreifiritum og á vefsíðu sveitarfélagsins. Gert er ráð fyrir að tillagan verði auglýst um mitt ár 2021 og taki gildi með auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda í lok árs.

Aðalskipulag Rangárþings ytra 2016-2028


Akstursíþróttasvæði



Rangárþing ytra



Breytt aðalskipulag í mkv. 1:50.000.



Gildandi aðalskipulag með síðari breytingum í mkv. 1:50.000.

SKÝRINGAR

ATVINNA OG BYGGÐ

- Íbúðarbyggð
- Fristundabyggð
- Landbúnaðarsvæði
- Skógræktar- og landgræðslusvæði
- Iðnaðarsvæði
- Íþróttasvæði
- Verslun og þjónusta
- Efnistöku- og efnislosunarsvæði
- Flugbraut / lendingarstaður

SAMGÖNGUR OG VEITUR

- Stofnvegir
- Tengivegir
- Héraðsvegir og aðrir vegir
- Slóðar
- Gönguleiðir
- Reiðleiðir
- Reiðhjólaleiðir
- Hitaveita
- Ljósleiðari
- Vatnsveita

TAKMARKANIR Á LANDNOTKUN

- Friðlýstar fornminjar
- Vatnsvernd fjarssvæði

TÁKN TIL SKÝRINGAR

- Landamerki, óviss og ekki tæmandi
- Ræktað land
- Þéttbýli
- Skipulagsmörk

SKIPULAGSGÖGN

Skipulagsuppráttur
Greinargerð með forsendum og umhverfisskýrslu

KORTAGRUNNAR

Loftmyndir frá Loftmyndum
Kortagrunnar: IS50v frá Landmælingum Íslands
Hnitakerfi: ISN93



Aðalskipulag Rangárþings ytra 2016-2028
Akstursíþróttasvæði austan Hella

VERK:	BLADSTÆRD:	UNNIÐ:	RÝNT:
2146-017-13	A4	IS	AB


MÆLIKVARÐI:	DAGS:	DAGS.BREYT:
1:50.000	16.06.2021	

Aðalskipulag Rangárþings ytra 2016-2028


Akstursíþróttasvæði



Rangárþing ytra



Breytt aðalskipulag í mkv. 1:50.000.



Gildandi aðalskipulag með síðari breytingum í mkv. 1:50.000.

SKÝRINGAR

ATVINNA OG BYGGÐ

- IB Íbúðarbyggð
- F Fristundabyggð
- Landbúnaðarsvæði
- SL Skógræktar- og landgræðslusvæði
- IÓ Iónaðarsvæði
- ÍP Íþróttasvæði
- VP Verslun og þjónusta
- EF Efnistöku- og efnislosunarsvæði
- FV Flugbraut / lendingarstaður

SAMGÖNGUR OG VEITUR

- Stofnvegir
- Tengivegir
- Héraðsvegir og aðrir vegir
- Slóðar
- Gönguleiðir
- Reiðleiðir
- Reiðhjólaleiðir
- Hitaveita
- Ljósleiðari
- Vatnsveita

TAKMARKANIR Á LANDNOTKUN

- HA288 006 Friðlystar fornminjar
- Vatnsvernd fjarvæði

TÁKN TIL SKÝRINGAR

- Landamerki, óviss og ekki tæmandi
- Ræktað land
- Péttyli
- Skipulagsmörk

SKIPULAGSGÖGN

Skipulagsuppráttur
Greinargerð með forsendum og umhverfisskýrslu

KORTAGRUNNAR

Lofthmyndir frá Loftmyndum
Kortagrunnar: ISS0v frá Landmælingum Íslands
Hnitakerfi: ISN93



Aðalskipulag Rangárþings ytra 2016-2028

Akstursíþróttasvæði austan Hella

VERK:	BLAÐSTÆRÐ:	UNNIÐ:	RÝNT:
2146-017-13	A4	IS	AB
MÆLIKVARÐI:	DAGS:	DAGS. BREYTT:	
1:50.000	16.06.2021		